

Nr. 3.
19.
septbr.

Auglýsing

fyrir Ísland,

er minnir menn á ákvarðanir peningalaganna með tilliti til þess, að hin nýja reikningseining verði leidd í gildi.

Með því reikningseining sú, sem ákveðin er fyrir peningareikning Danmerkur með lögum 23. maí 1873, nefnilega krónan, er skiptist í 100 aura, samkvæmt allrahæstum úrskurði hans hátignar konungsins, 20. maí þ. á., skal leidd í gildi frá 1. janúar 1875, hefir fjárhagsstjórninni virzt ástæða til, nú þegar að minna menn á, að sökum þessa skuli frá 1. janúar 1875 miða allar þær skuldbindingar við krónumynt, sem gengist er undir að gjalda í innlendum peningum, og að öllum gjöldum, opinberum og einstakra manna, sem ákveðin eru í ríkismynt, skuli breyta á þann hátt, að þau greiðist í krónumynt eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í peningalögunum, 18. gr.

Frá sama degi skal þar að auki krónan við höfð sem reikningseining í öllum reikningum og afgreiðslum ríkisins, þjóðbankans og sveitafjelaganna, þar sem miðað er við innlenda peninga, og er þetta einnig skylda sjerhverrar stofnunar eða fjelags, sem hefir veitingarbrjef stjórnarinnar, eða samkvæmt lögum eða leyfisbrjefi er aðnjótandi ívilnunar á stimpilgjaldi. Sje brotið gegn þessu, þá varðar það 10—200 króna sektum.

Í fjárhagsstjórninni, 19. dag septbrm. 1874.

C A. Fonnesbech.

Lange.

Bekjendtgjørelse

for Island,

Nr. 3.
19de
Septbr.

hvorved Møntlovens Bestemmelser med Hensyn til Indførelsen af den nye Regningsenhed bringes i Erindring.

Da den ved Loven af 23de Mai 1873 for det danske Møntsystem fastsatte Regningsenhed Kronen, inddelt i 100 Ore, i Henhold til Hans Majestæt Kongens allersøieste Resolution af 20de Mai d. A. skal indføres fra den 1ste Januar 1875, har Finansministeriet troet allerede nu at burde bringe i Erindring, at som Følge heraf skulle fra 1ste Januar 1875 alle Forpligtelser, der indgaas til Betaling i indenlandsk Mønt, lyde paa Kronemønt og alle i Rigsmønt fastsatte, offentlige og private Betalinger gaa over til Betalinger, der udredes i Kronemønt efter det i Møntlovens § 18 fastsatte Omsætningsforhold.

Fra samme Dato skal derhos Kronen som Regningsenhed anvendes i alle Statens, Nationalbankens og Kommunernes paa indenlandsk Mønt lydende Regnskaber og Udfærdigelser, hvilken Forpligtelse ogsaa paahviler ethvert Institut eller Selskab, som har Koncession af Regjeringen eller som ifølge Lov eller Bevilling nyder Stempelbegunstigelse. Overtrædelse heraf straffes med Bøder fra 10—200 Kroner.

Finansministeriet, den 19de September 1874.

C. A. Fonnesbech.

Lange.